



Ársskýrsla 2018

Formáli



Lómur á hreiðri á Úthéraði.
Ljósmynd: SGP

Fjölbreytt verkefni og annríki ein-kenndi starf Náttúrustofu Austurlands á liðnu ári. Hreindýrarrannsóknir og rannsóknir á gróðri voru fyrirferðarmiklar, en einnig rannsóknir á fuglum og smádyralífi.

Rannsóknir á bæði gæsum og hreindýrum með hjálp GPS-senditækja eru spennandi kostur. Senditæki voru sett á sex hreinkýr á veiðisvæðum 1 og 2 í mars 2018. Merkingar heppnuðust vel og dýrin fóru strax að senda frá sér áhugaverðar upplýsingar um ferðalög sín. Því miður reyndist hreindýraveiðitímabilið okkur óhagstætt og tvær af sex kúm voru felldar óviljandi og þar með tapaðist möguleikinn á að safna upplýsingum heildstætt yfir eitt ár fyrir þau dýr. Sem betur fer hefur samvinna við veiði- og eftirlitsmenn með hreindýraveiðum verið góð og dýrmætir GPS-hálskragarnir skiluðu sér aftur til okkar og verða

vonandi settir á nýjar kýr á yfirstandandi vetri. Heiðagæsirnar okkar fimm sem flugu til vetrarstöðva haustið 2017 skiluðu sér ekki allar til baka. Gæsin Áslaug fannst dauð í Skotlandi snemma á nýju ári og var banamein hennar talið árekstur við raflínu. Lengi vel óttuðumst við um afdrif annarrar gæsar sem lítið hafði spurst til frá því stuttu eftir að hún fékk hálskraga. Þegar líða fór á vetur fréttist þó af henni spígspora á vetrarstöðvunum í Bretlandi og ljóst er að hún kom til Íslands með félögum sínum í vor og var svo skotin á veiðitíma hér í haust. Gæsa-veiðimenn þekkja vel til rannsókna á gæsum með GPS-tækjum og bæði tækin skiluðu sér til okkar og hafa nú verið sett á nýjar gæsir sem vonir standa til að komi heim með vorinu.

Endurmenntun er dýrmætur þáttur í starfsemi allra fyrirtækja. Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa verið

duglegir að endurmennta sig. Skarphéðinn G. Þórisson lauk meistaranámi frá Landbúnaðarháskóla Íslands nú í vor og Guðrún Óskarsdóttir hóf doktorsnám við Háskóla Íslands í haust. Einstök námskeið hafa verið sótt, m.a. byrjendanámskeið í notkun Q-GIS landupplýsingaforrits og námskeið á vegum Umhverfisstofnunar um verndaráætlanir og nýtingu friðlýstra svæða, spendýra og fugla (Adaptive nature management). Tveir starfsmenn sóttu notendaráðstefnu ESRI landupplýsingahugbúnaðarins í Riga í Lettlandi í október sl. Einnig sóttu tveir starfsmenn vinnustofu um rannsóknir á umhverfisáhrifum álvera á Norðurlöndum í Osló í október sl. Sú gleðilega þróun hefur orðið að aðgengi að fyrirlestrum og námskeiðum á netinu hefur stóruaukist. Þetta hafa starfsmenn Náttúrustofunnar verið duglegri að nýta sér og m.a. sótt námskeið um nýtingu fjarkönnunargagna, málstofur Hafró, Hrafnabing Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisping o.m.fl. Að streyma fyrirlestrum og þingum í auknum mæli er afar jákvæð þróun sem dregur úr kolefnisspori viðburða og auðveldar svo um munar þátttöku stofnana á landsbyggðinni.

Ég þakka samstarfsfólki, fráfarandi og nýrri stjórn ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og hlakka til nýrra áskorana og verkefna. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem hafa komið að störfum stofunnar og hjálpað til við afmörkuð verkefni, s.s. hreindýra- og fiðrildarannsóknir. Það er ómetanlegt að eiga slíka hauka í horni hér eystra.

Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður

Um Náttúrustofuna

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdals-heraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalsherað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er m.a.

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmiðið er að starfa í fjölbreyttum rannsókna-, þekkingar- og fræðslumiðstöðvum, þannig að vinnustaðurinn verði eftirsóknarverður og laði að hæft starfsfólk

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.

Starfsfólk og stjórn



Áslaug Lárusdóttir
skrifstofustjóri

Áslaug sinnti almennum skrifstofu-
störfum. Hún hafði umsjón með
útgáfu og ritstjórn ársskýrslu,
heimasíðu, bókasafni, tölvumálum
og gagnavörslu. Að auki kom hún að
öðrum verkefnum.



Elín Guðmundsdóttir
B.S. náttúrufræðingur

Elín tók þátt í umhverfsvöktun í
Reyðarfirði og ýmsum rannsóknum
á gróðri, auk aðkomu að öðrum
tilfallandi verkefnum. Þá sinnti hún
kortagerð o.fl. Elín var í fæðingar-
orlofi fyrri hluta árs.



Erlín Emma Jóhannesdóttir
M.S. líffræðingur

Erlín hafði umsjón með smádyra-
rannsóknum, umhverfsvöktun við
álverið og á fiskeldissvæðum í
Reyðarfirði.



Rán Þórarinsdóttir
M.S. líffræðingur

Rán hafði umsjón með rannsóknum
á burðarsvæðum hreindýra og
náttúrufræðiskólanum. Einnig kom
hún að ýmsum verkefnum tengdum
vöktun hreindýrastofnsins sem og
öðrum verkefnum stofunnar.

Breytingar urðu á stjórn Náttúrustofu
Austurlands eftir sveitarstjórnar-
kosningar vorið 2018. Úr stjórn
gengu Valdimar O. Hermannsson,
formaður og fulltrúi Fjarðabyggðar
og Esther Kjartansdóttir ritari og
fulltrúi Fljótsdalshéraðs. Nýja stjórn
skipa Líneik Anna Sævarsdóttir
formaður og sameiginlegur fulltrúi
sveitarfélaganna, Gunnar Jónsson
meðstjórnandi og fulltrúi Fljótsdals-
héraðs og Gunnar S. Ólafsson ritari
og fulltrúi Fjarðabyggðar.

Fastráðnir starfsmenn voru átta í
ríflega sjö stöðugildum, auk sumar-
starfsmanns og lausráðinna starfs-
manna í afmörkuðum verkefnum.

Margir aðrir komu að starfsemi
stofunnar. Anna Karen Marinósdóttir
var sumarstarfsmaður og aðstoðaði
hún m.a við sýnatökur, náttúrufræði-
skólann og innslátt gagna. Páll
Benediktsson kom að fiðrildarann-
sóknunum og Sveinn H. Oddson
aðstoðaði við tölvumál.



Guðrún Óskarsdóttir
M.S. náttúrufræðingur

Guðrún hafði umsjón með rann-
sóknunum á gróðurfari, tók þátt í
umhverfsvöktun við álverið í Reyðar-
firði og öðru tilfallandi. Guðrún hóf
doktorsnám við Háskóla Íslands
í haust og starfaði í skertu starfs-
hlutfalli seinni hluta árs.



Halldór Walter Stefánsson
sérfræðingur

Halldór hafði umsjón með vöktun
og rannsóknum á fuglum. Hann tók
einnig þátt í hreindýrarrannsóknum.



Kristín Ágústsdóttir
M.S. landfræðingur

Kristín annaðist daglegan rekstur
og tók þátt í ýmsum verkefnum
stofunnar.



Skarphéðinn G. Þórisson
M.S. líffræðingur

Skarphéðinn hafði yfirumsjón með
vöktun og rannsóknum á hreindýrum,
kom að fugla- og gróðurrannsóknum.
Skarphéðinn varði meistara-verkefni sitt
við LbhÍ í vor sem snéri að samanburði
á stofnvistfræði og lýðheilsu hreindýra-
hjarða á veiðisvæðum 1 og 2.

Margir aðstoða við vöktun hreindýra
og eru þeir helstu taldir upp hér:

- Eiður Gísli Guðmundsson
- Eiríkur Skjaldarson
- Grétar Karlsson
- Halldór Bergsson
- Hákon Hansson
- Ívar Karl Hafliðason
- Jóhann G. Gunnarsson
- Jón I. Sigurbjörnsson
- Kolbeinn Hilmarsson
- Ólafur Örn Pétursson
- Páll Leifsson
- Reimar Ásgeirsson
- Sigurður Guðjónsson
- Skúli H. Benediktsson
- Skúli Sveinsson (lést í mars 2018)
- Sveinbjörn Valur Jóhannsson
- Sveinn Ingimarsson
- Sævar Guðjónsson
- Tómas Kárason

Hreindýr

Mæðgin á beit á Eyvindarárdal.
Ljósmynd: SGP



Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega er ágangur hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi metinn og tillögur gerðar um skiptingu í

ágangssvæði til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunar. Mat á ágangi er unnið út frá upplýsingum um dreifingu hreindýra, m.a. með talningum Náttúrustofunnar og upplýsingum frá almenningi sem tekið er við allan ársins hring. Almennigur er áfram hvattur til að tilkynna um hreindýrahópa en þátttaka hans er undirstaða þessarar vöktunar. Engar breytingar voru lagðar til á mörkum ágangssvæða í ár.

Hreindýraveiðikvóti

Tillögur að hreindýraveiðikvóta, skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum eru unnar árlega. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að halda kynjahlutfalli sem næst 6

törfum á hverjar 10 kýr eftir veiðar að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Tillögurnar eru yfirfarnar af Hreindýraráði og Umhverfisstofnun og svo sendar til umhverfissráðherra sem út frá þeim ákveður kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Í desember 2018 lagði Náttúrustofan til veiðar á 1.043 kúm og 408 törfum fyrir veiðitímabilið 2019 sem var svipaður fjöldi og árið áður. Ekki voru lagðar til veiðar á kálfum fyrir það tímabil.

Kortlagning burðarsvæða hreindýra - úr flugi og með GPS

Burðarsvæði Snæfellsjarðar hafa verið kortlögð frá árinu 2005 til þess að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á nýtingu hreindýra á hefðbundnum burðarsvæðum þar. Gagnaöflun fór

fram með sama sniði og síðustu ár, með myndatökum og beinum talningum úr flugvél í seinni hluta maí. Á veiðisvæði 1 var flogið yfir Kringilsárrana, Sauðárrana, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, Vopnafjarðarheiðar og Þistilfjarðarheiðar. Á veiðisvæði 2 var flogið yfir Vesturöræfi, Fljótalsheiði, Eyjabakka, Múla, Suðurfell og Austurheiðar. Flestar voru kýrnar á Múla, Vesturöræfum og á mörkum Vopnafjarðar- og Þistilfjarðarheiðar.

Auk hefðbundinnar gagnaöflunar úr flugvélum voru GPS-senditæki sett á sex hreinkýr á veiðisvæðum 1 og 2 í mars 2018 til að afla frekari upplýsinga, m.a. um hvernig hreindýr nýta burðarsvæðin. Tækin senda staðsetningar kúnna fjórum sinnum á sólarhring og gefa ítarlegar upplýsingar um ferðir og dreifingu hreindýra. Kýrnar fengu nöfnin Alda, Íva, Linda, Lína, Sveina og Þúfa. Því miður voru Linda og Alda felldar á veiðitíma.

Heilsufar og smitsjúkdómar í hreindýrum

Náttúrustofan tók áfram þátt í samnorrænu verkefni um heilsufar og smitsjúkdóma í hreindýrum í ljósi loftslagsbreytinga ásamt þremur norskum stofnunum: Norwegian Veterinary Institute (VI-Tromsø), Norwegian Institute of Nature Research (NINA Tromsø) og Northern Research Institute (NORUT-Narvik). Það var prófessor Morten Tryland við Arctic University of Norway (UiT) sem stýrði verkinu á Íslandi. Auk hans komu Javier Sanchez Romano líka frá UiT, Ingebjørg Helena Nymo, Christine Nordtun BS nemi og Torill Mørk frá Norwegian Veterinary Institute. Þau dvöldu í Skógargærði dagana 24. ágúst - 16. september 2018 og söfnuðu sýnum ásamt

hreindýrasérfræðingi Náttúrustofunnar. Söfnunin var gerð í góðu samstarfi við leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðstandendur verkunarstöðva.

Safnað var blóði, spörðum, bakteríustroki úr augum og nösnum og veirustroki úr auga, nösnum og vaginu. Hálskirtlum var safnað, svo og stroksýnum úr nösnum, hálskirtlum, barka og endaparmi. Spörðum var safnað fyrir snikjudýraskoðun. Einnig var heilasýnum safnað fyrir MAST til skimunar á hjartarriðu/CWD (Chronic Wasting Disease). Alls tókst að safna sýnum úr um 100 hreindýrum, sem eru þrisvar sinnum fleiri sýni en í fyrra.

Morten Tryland mun dvelja hér lengur næsta sumar og er þá ráðgert að hann kynni rannsóknirnar og helstu niðurstöður hér eystra.

Afkoma móðurlausra kálfa

Vegna umræðu um lífsmöguleika hreinkálfa sem mæður eru skotnar frá fór umhverfis- og auðlindaráðuneytið þess á leit að Náttúrustofan kannaði málið. Lagt var til að fyrsta skref yrði að skoða almennt lífun kálfa í hreindýrastofnum og vinna úr fyrirbyggjandi gögnum sem mögulega gætu varpað ljósi á málið. Einnig var ákveðið að fljúga öll veiðisvæði í upphafi vetrar haustið 2018. Áætlað er að fljúga aftur sömu svæði í lok vetrar 2019, til að skoða lífun kálfa á öllum svæðum yfir veturinn.

Vonast er til að talningarnar sýni hvernig hlutfall kálfa á kýr breytist yfir veturinn og þar með dánartíðni kálfa. Auk þessa voru 15 kálfar felldir á veiðitíma og atgervi þeirra kannað með hjálp norsku dýralæknanna sem nefndir voru hér að framan. Svo

virtist sem íslensku kálfarnir væru í góðu líkamlegu ástandi og sambærilegir þeim norsku hreindýrskálfum sem eru hvað þroskamestir.

Ekki keyra á hreindýr!

Styrkur fékkst úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til að vinna upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrustofunnar um hreindýr sem keyrt hefur verið á frá árinu 1999. Áreksstrar við hreindýr verða einkum á veturna þegar aðstæður til aksturs eru slæmar, hálka, myrkur og lélegt skyggni á sama tíma og hreindýr leita í auknum mæli niður á láglandið í nágrenni við vegi. Keyrt var á a.m.k. 295 dýr á tímabilinu 1999 til apríl 2018. Mjög breytilegt var eftir árum hversu mörg dýr var keyrt á. Flestar ákeyrslur (62%) urðu frá október til janúar og fáar (3%) yfir sumarið, frá júní til september. Áreksstrar voru langtíðastir (30%) á vegkaflanum frá Höfn að Djúpavogi allan ársins hring. Ekki virtist sem fjölgun í stofninum leiddi til tíðari árekstra, né heldur virtist aukin umferð hafa áhrif á fjölda árekstra. Undanfarin ár fækkaði ákeyrslum á sama tíma og dýrum fjölgaði og umferð um Austurland jókst.

Gróður og umhverfi

Umhverfsvöktun í Reyðarfirði

Umhverfsvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði var haldið áfram eins og verið hefur frá 2004. Markmiðið er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn, loftgæði og búfé. Vöktunin er unnin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem sér um efnagreiningar og Eyrúnu Arnardóttur dýralækni sem sér um mat á líkamlegu ástandi lifandi búfjár. Gróður- og vatnssýnum er safnað reglulega til efnagreiningar. Ástand gróðurs er metið sjónrænt og fylgst er með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Jafnframt er fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði. Árið 2018 var vöktun með hefðbundnu sniði.

Sjaldgæfu tegundirnar sem fylgst er með árlega eru aronsvöndur (*Erysimum hieracifolium*), stóriburkni (*Dryopteris filix-mas*), þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*), giljaflækja (*Vicia sepium*) og fuglaertur (*Lathyrus pratensis*). Þessar tegundir er að finna í friðlandinu í Hólmanesi, í þéttbýli Reyðarfjarðar og innan við þéttbýlið. Þyrnirós og giljaflækja eru nú skilgreindar sem tegundir í nokkurri

hættu á nýjum válista æðplantna sem Náttúrufræðistofnun birti á árinu en áður voru þær álitnar í yfirvofandi hættu. Þyrnirós er eftir sem áður friðlýst og því bannað að hrófla við henni. Líkt og fyrri ár var ekkert sem benti til að vaxtarstað þyrnirósar í Reyðarfirði væri ógnað en giljaflækjan var í baráttu um bústað við kerfil (*Myrrhis odorata*) og njóla (*Rumex longifolius*).

Vetrarheit hreindýra

Hreindýr eru einu jörturdýrin á Íslandi sem geta melt fléttur og þau nýta sér þær sem mikilvægan orkugjafa, einkum að vetri til. Haustið 2018 hófust rannsóknir á vetrarheit hreindýra þar sem fylgst verður með fléttupekju á þeim svæðum þar sem hreindýrin halda sig, einkum á veturna. Náttúrustofan fékk í lið með sér norskan gróðursérfræðing, Hans Tømmervik hjá NINA í Tromsø, til að koma af stað rannsókn á vetrarheit hreindýra að norski fyrirmynd. Það gekk vel, komið var upp 22 rannsóknarreitum á sex svæðum, allt frá pistilfirði að Fljótisdalsheiði. Sumir rannsóknareitirnir eru meira áberandi en aðrir, þar sem þeir eru varðir með hvítum grindum til að koma í veg fyrir beit hreindýra og annarra.

Frá því Náttúrustofan fór að veiða fiðrildi í ljósgildrum árið 2010 hafa veiðst um 104 þúsund fiðrildi af 51 tegund á þremur stöðum á Austurlandi.

Að meðaltali hafa veiðst 11.555 fiðrildi á ári frá 2010 til 2018



Við Hverfisfjót á Suðurlandi.
Ljósmynd: KÁ

Gróður og jarðvegsrof í Hvannalindum

Talið er að gróðri í Hvannalindum hafi hnignað undanfarin ár vegna aukins áfoks og vetrarhlýinda. Vatnajökulsþjóðgarður óskaði eftir að Náttúrustofa Austurlands myndi hefja vöktun á gróðri í Hvannalindum og árið 2018 fékkst styrkur frá Vinum Vatnajökuls í verkið. Sumarið 2018 voru gróðurmælingar sem gerðar voru á sjö reitum þar árið 1980 endurtekna til að kanna hvort og þá hvernig breytingar hefðu orðið. Auk þess voru skoðuð sérstaklega svæði innan Hvannalinda þar sem gróðurhnignunar hefur orðið var.

Gæsabeit á Vesturöræfum

Hægt er að kortleggja nokkuð nákvæmlega hvaða svæði heiðagæsirnar með GPS-tæki nýta mest á Vesturöræfum. Líkt og haustið 2017 var farið á Vesturöræfi haustið 2018 til að skoða ummerki eftir gæsabeit, bæði á svæðum þar sem vitað var að gæsirnar dvöldu mikið og á svæðum þar sem minni vitneskja var um nýtingu gæsa. Víða á Vesturöræfum eru ummerki um beit, þó ekki sé hægt að sjá að svæðið sé nauðbitið.



Þóriseyjar undir fellum að haustlagi.
Ljósmynd: SGP

Horblaðka - álftakólfur - reyðingsgras.
Ljósmynd: SGP



Mosi við Löngutjörn innan Hvannalinda.
Ljósmynd: SGP

Fuglar og fiðrildi



Heiðagæs í sárum á Eyjabökkum.
Ljósmynd: SGP

Fiðrildi fönguð í ljósgildir

Fiðrildi eru veidd í ljósgildir frá apríl til nóvember á þremur stöðum á Austurlandi í þágu rannsókna: Í Neskaupstað, á Hallormsstað og Jökuldal. Verkefnið hér eystra hefur staðið yfir frá árinu 2010 og er samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Páls Benediktssonar, bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal. Tilgangurinn er m.a. að skoða breytingar á fiðrildafánu vegna loftslagsbreytinga og náttúruhamfara og fylgjast með og skrásetja nýja landnema. Fleiri fiðrildi voru í gildrunum í ár samanborið við árið 2017. Mesta aukningin var á Hallormsstað þar sem 14.615 fiðrildi komu í gildruna samanborið við 10.172 í fyrra. Þar af voru tæp-

lega 7.700 tígulvefingar (*Epinotia solandriana*) en það er mikil aukning frá 2017 þegar þeir voru tæplega 4.800. Tvær nýjar tegundir komu í gildruna á Hákonarstöðum, sigðygla (*Celaena leucostigma*) og netluygla (*Xestia c-nigrum*) og tvær nýjar í gildruna í Neskaupstað, flikruvefari (*Cochylis dubitana*) og líklega er hitt eintakið stráygla (*Apamea remissa*) en það bíður endanlegrar greiningar. Engin ný tegund sást á Hallormsstað.

Gæsir með senditæki

Áfram var fylgst með heiðagæsnum með GPS-senditæki í samvinnu við Verkís og Wildfowl Wetland Trust á Bretlandi. Heiðagæsirnir fimm: Kristín, Rán, Áslaug, Guðrún og Elín

Erlín, sem merktar voru sumarið 2017 skiluðu sér ekki allar heim sumarið 2018 eftir vetursetu í Bretlandi. Í ársbyrjun 2018 bárust þær sorgarfréttir að gæsin Áslaug hefði fundist dauð í Skotlandi og var dánarorsök talin sú að hún hefði flogið á raflínu. Senditækið slapp við skemmdir og sendu velunnarar okkar það aftur. Kristín þagnaði fljótlega eftir að sendir var settur á hana. Lengi var óttast um afdrif hennar, en hún sást svo í Bretlandi sl. vetur, enda vel merkt hálsmerkinu K og skilaði hún sér aftur til Íslands sl. sumar. Hún var skotin á veiðitíma í haust og senditækjuna skilað til okkar. Ákveðið að koma senditækjunum á nýjar heiðagæsir í stað Áslaugar og Kristínar. Áslaug önnur og Katrín

voru merktar á Vesturöræfum 25. júlí 2018. Sumarstarfsmenn Landsvirkjunar í Fljótsdalsstöð hjálpuðu til við verkið. Allar flugu gæsirnir fimm til vetrarstöðva á Bretlandseyjum í haust. Spennandi verður að sjá hvort þær skili sér allar heim í vor.

Fuglarannsóknir í samstarfi við aðrar stofnanir

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrr ár töldu starfsmenn stofunnar á Hrafnabjörgum og á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Úrvinnsla er öll á höndum NÍ og er hægt að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu þeirra. Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun íslenska rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt að mörkum í þeirri vöktun með talningum. Rjúpur voru taldar á Rangá og við Hrafnabjörg á Héraði í maí 2018. Auk þess aðstoðu starfsmenn stofunnar kollega sína frá NÍ við talningar á sniðum við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi.

Fuglar á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

Frá árinu 2005 hafa valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar verið vaktaðar. Sumarið 2018 var gerð úttekt á varpi heiðagæsa á Vesturöræfum, í Hnefilsdal

og Húsárdal og í afdölum Hrafnkeldals; Þuríðarstaðadal og Glúmsstaðadal. Ófleygar heiðagæsir voru taldar á hluta Snæfellsöræfa og aldurshlutföll heiðagæsa í sárum á Eyjabakkasvæðinu voru könnuð. Áfram var fylgst með fjölda nokkurra andategunda á Lagarfjóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði, auk þess sem allar tegundir vatna- og sundfugla voru skráðar á Jökulsá á Dal. Þá var unnið úr gagnagrunni stofunnar um hávellur á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og hlutur varp-fugla skoðaður sérstaklega.

Mófuglar

Mófuglar hafa verið taldir á skilgreindum rannsóknarsvæðum víða um Úthérað frá árinu 2007. Talningararnar eru hluti af stærra verkefni þar sem mófuglar eru taldir víða um landið.

Með þessu verkefni hefur byggst upp mikill gagnagrunnur um breytilegan þéttleika ýmissa mófuglategunda milli ára og landshluta. Sumarið 2018 fór mófuglatalning fram í júní.

Fýlamerkingar

Sumarið 2017 voru settir dægurrítar á 11 fýla (*Fulmarus glacialis*) undir Hólmatindi. Fyrsta tilraun til að endurheimta dægurrítana sumarið 2018 gekk ekki sem skyldi og einungis tókst að endurheimta einn. Dægurrítar eru smágerðir nemar sem mæla dagsbirtu og þannig er hægt að reikna út ferðir þeirra frá þeim stað þar sem fuglarnir eru merktir.

Í ljós kom að fyllinn sem náðist undir Hólmanesi fór af landi brott í septemberbyrjun og flaug langt norður í Karahaf í Norður-Ishafi þar sem hann dvaldi allan októbermánuð. Eftir það var hann á þvælingi m.a. á hafinu austan við Ísland, í Noregshafi og Barentshafi en kom svo aftur á sömu sylluna undir Hólmatindi þegar vora tók. Væntingar standa til að hægt verði að ná fleiri fýlum á komandi sumri.

Ásókn fugla í ræktað land


Fræðslurit um ásókn fugla í ræktað land var unnið í samvinnu við Umhverfisstofnun. Ritið fjallaði um ýmsa fugla sem einkum sækja í ræktað land og leiðir til að bæta sambýli manna og fugla, báðum til heilla. Ritið birtist í stytta formi í Bændablaðinu í apríl 2018 en er í heild sinni aðgengilegt á vefjum Umhverfisstofnunar og Náttúrustofunnar.

Fuglar í grútarmengun

Að beiðni Loðnuvinnslunnar fylgdist Náttúrustofan með afdrifum fugla í Fáskrúðfirði eftir lýsisslys sem þar varð um mitt sumar. Farnar voru nokkrar ferðir m.a. til að fylgjast með hvort fuglar væru að drepa eftir að hreinsun hafði farið fram.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Gilsárdalur að hausti.
Ljósmynd: SGP



Nýir safngripir

Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og stundum um móttöku gesta á Náttúrugripasafninu utan hefðbundins opnunartíma. Í því má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmynda-hönnuðarins Unnar Sveinsdóttur. Safnahúsið var opið daglega frá kl. 13 til 21 (maí – ágúst). Þrjú uppstoppuð eintök bættust við safnkostinn á árinu; hani, hreindýr og leðurblaka. Haninn var gjöf frá pólska samfélaginu í Neskaupstað sem bauð í hanann á fjáröflunarmarkaði hjá Hosunum og færði síðan safninu að gjöf. Þá var lokið við að stoppa upp leðurblöku sem fannst lifandi á Reyðarfirði árið 2014 og var gefin Náttúrugripasafninu.

Loks hefur safnið nú eignast hreintarf í fullri stærð, en hann var stoppaður upp fyrir styrk sem Náttúrustofa Austurlands fékk úr Samfélagssjóði Alcoa. Er það mikill fengur að hafa svo glæsilegt eintak af einu helsta einkennistákni austfiskrar náttúru meðal safngripa.

Franskur nemi endurhannar rými safnsins

Í byrjun árs starfaði franskur meistarneminn Valentin Sanitas á Náttúrustofunni í tvo mánuði. Valentin stundar nám í rýmishönnun við École Normale Supérieure - Paris-Saclay í París og hefur unnið með innsetningu gróðurs og dýralífs í borgarumhverfi. Viðfangsefnið á meðan á dvöl hans stóð var að þróa

og útfæra tillögur að skipulagi rýmis í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað. Var það mat þeirra sem kynntust hugmyndum og verkum Valentins að þar væri á ferð hæfileikaríkur nemi. Á þeim stutta tíma sem hann dvaldi hér náði hann að skila af sér mörgum skemmtilegum tillögum og útfærslum sem vonandi skila sér við frekari hönnun safnsins á næstu árum.

Plöntusafn Hjörleifs flytur

Í geymslum Náttúrugripasafns Neskaupstaðar hefur lengi legið óhreyft mikið plöntusafn sem Hjörleifur Guttormsson safnaði einkum á árunum 1966-1979 í tengslum við ýmsar rannsóknir hans á gróðurfari á Austurlandi. Um safnið segir Hjörleifur að hann hafi haft þann hátt

á að „taka með heim úr vettvangsvinnu eintök margra háplantna, þurrka þau milli dagblaða í plöntupressu jafnóðum og koma þeim síðan fyrir í sérsmiðuðum skápum í Náttúrugripasafninu. Einkum var safnað eintökum til nánari skoðunar og ákvörðunar síðar, ekki síst af fjallaplöntum. Ekki varð þó úr vinnslu á þessu safni sem skyldi, en hún var þó hafin með aðstoð Elínar Gunnlaugsdóttur grasafreðings sem til þess var ráðin sumarpart á 8. áratugnum“.

Ekkert hefur verið unnið með plöntusafnið í áratugi og ekki er útlit fyrir að unnið verði með það á Náttúrugripasafninu í Neskaupstað. Það var því samdóma álit Náttúrustofunnar

og Hjörleifs að best færi á því að koma safninu til varðveislu og úrvinnslu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sem hefur það lögbundna hlutverk að varðveita heimildir um náttúru Íslands, m.a. í fræðilegum söfnum. Vonir standa til að þannig nýtist safnið betur öllum sem á því hafa áhuga til framtíðar. Menningar- og nýsköpunarnefnd Fjarðabyggðar samþykkti tillögu Náttúrustofunnar um að afhenda safnið NÍ og var því pakkað og það sent í heild sinni á Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar í árslok. NÍ hefur lýst yfir þakklæti sínu en að þeirra sögn er ljóst að safnið muni bæta þekkingu á fjölbreytni íslenskra æðplanta og útbreiðslu þeirra, einkum m.t.t. Austurlands.

Jafnframt er ljóst að töluverðan tíma mun taka að skrá svo umfangsmikið safn.

Fræðsla og fyrirspurnir

Fræðsla og kynningar

Stundum er óskað eftir að starfsfólk Náttúrustofunnar flytji fræðslu-erindi af ýmsu tagi. Þau geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig oft stakir fyrirlestrar fyrir t.d. leikskóla, skóla, vinnustaði eða aðra áhugasama. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi. Þá komu nokkrir nemar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfskynningu, líkt og fyrri ár, en þeir sinntu m.a. verkefni þar sem trjá-vöxtur í Neskaupstað er vaktaður með mælingum og skráningum. Auk þess kynntust þeir annarri starfssemi stofunnar.

Náttúrustofan tók þátt í sýningunni *Að heiman og heim, náms- og atvinnulífssýningu Austurlands*, sem haldin var á Egilsstöðum 1. september á vegum félagsins Ungt Austurland þar sem starfssemi stofunnar og atvinnutækifæri voru kynnt.

Fyrirlestraröð

Fyrirlestraröð um náttúru, umhverfi og áhrif lífstíls á umhverfi okkar var haldin bæði á Egilsstöðum og í Neskaupstað á vormánuðum. Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur hjá Environice, hélt erindið *Plastið? - Rafbílnir? Fatasóunin? Hvað get ég*

gert? Auk fyrirlesturs fyrir almenning á Egilsstöðum og í Neskaupstað var hann með sérstakan fyrirlestur fyrir nemendur Verkmenntaskóla Austurlands í tengslum við umhverfisverkefni í þemaviku skólans. Dýravistfræðingarnir Ester Rut Unnsteinsdóttir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Róbert Arnar Stefánsson hjá Náttúrustofu Vesturlands héldu svo erindi um *Stofnvistfræði íslenska melrakkans - samstarf í veiðum og vísindum* og *Sveiflur í fjölda minka og orsakir þeirra*. Ánægjulegt var hversu vel fyrirlestrarnir voru sóttir sem endurspeglar mikinn áhuga á náttúru og umhverfi. SÚN styrkti þessa fyrirlestraröð.

Náttúrufræðinámskeið

Náttúrufræðinámskeið hafa verið haldin í samvinnu við Ferðabjónustuna á Mjóeyri og göngu- vikuna *Á fætur í Fjarðabyggð* frá árinu 2008. Námskeiðið var haldið dagana 25.-29. júní og var ætlað börnum á aldrinum 7-10 ára. Vegna aðkomu og aðstoðar forráðamanna var hægt að taka á móti met fjölda barna en 19 börn tóku þátt. Óhætt að segja að áhuginn hafi verið mikill.

Þó veður geti sett strik í reikninginn hefur það aldrei gerst að dagskrá falli niður vegna veðurs. Í ár var

Vissir þú að hin fagurgræna gullglyrna er nefnd eftir augunum sem talin eru minna á gullmola?



Rekinn gáshnallur við Streiti 2018. Ljósmynd: SGP

engin undantekning. Þó veður væri gott flesta dagana var svo hvasst á fyrsta degi á öllu Austurlandi að varla var stætt utandyra. Var því fuglaathugun á og við Mjóeyri breytt í safnadag á Náttúrugripasafni Neskaupstaðar. Þar var auðvelt að stunda dýraathuganir, enda halda safnmunir auðveldlega kyrru fyrir ólíkt lifandi fánu í náttúrulegu umhverfi.

Aðra daga voru fuglar, smádýr, plöntur, vatna- og fjörolíf skoðað utandyra auk þess sem farið var í Helgustaðanámu til að kynna silfurbergi nánar. Í Mjóeyrarfjöru var steinum velt við, sprettfiskar gómaðir, marflær og annað kvikt gripið og skoðað nánar í lófa eða í þar til gerðum ílátum. Skeljar voru tíndar og jafnvel þangið skoðað og kreist. Hornsíli voru háfuð upp úr ferskvatnspollum og haukfrán augu ungra athugenda komu auga á rykmý sem var að kvikna í yfirborði tjarna og yfirgefa lírfuhami sína. Einn daginn fundust í fjöruborðinu fallegar hveljur sem vöktu athygli. Reyndist þetta kambhvelja af tegundinni *Beroe Cucumis* sem er algeng í Norður-Atlantshafi. Í hópnum brá fyrir mörgum efnilegum og upprennandi náttúruskoðurum og vísindamönnum.

Fyrirspurnir frá almenningi um undur náttúrunnar

Sem fyrr er talsvert um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með ýmis undur náttúrunnar til greiningar. Tekið er góðfúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Á liðnu ári bárust þó nokkrar fyrirspurnir um græna flugu sem vakti mikla athygli. Flugurnar, sem voru áberandi og að sumra mati nokkuð óhugnalegar, fagurgrænar á bolinn með gula rönd eftir honum endilöngum, reyndust vera gullglyrnur (*Chrysoperla carnea*). Þær eru af bálki netvængja og er tegundin árviss flækingur hér á landi og hættulaus. Hún sást fyrst á Íslandi í mars 1947 en telst nú algengur flækingur.

Óvenjumargar tilkynningar um hvalreka á Austurland bárust á árinu. Starfsfólk stofunnar hjálpar til við að safna sýnum fyrir sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar, eins og við verður komið. Á meðal þeirra tegunda sem rak á Austurland voru m.a. gáshnallar, eða skugganefjur (*Ziphius cavirostris*) sem sjaldgæft er að reki á fjöru Íslands.

Sendlingur á Vesturöræfum heilsar komumanni. Ljósmynd: SGP



Gullglyrna (*Chrysoperla carnea*). Ljósmynd: KH

Viðburðir



Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Árlegur fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 5. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu fuglafræðinga á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði.

Á Norðfirði mættu 22 manns í björtu veðri en stífri sunnanátt. Meðalaldur var með lægra móti og gaman að fylgjast með yngstu kynslóðinni sem klædd var eftir veðri og lét vindinn ekkert á sig fá. Hún lagaði sig að aðstæðum og beindi athygli sinni að því sem síður gat fokið, s.s. að kanna búsvæði fjara í þaula og taka ýmiss sýni af fæðutegundum fugla, svo sem marflóm og skeldýrum. Leirur utan Norðfjarðaráróss stóðu

lítt upp úr sjó og sjólag hentaði ekki vel til fuglaskoðunnar. Erfitt reyndist að greina fjúkandi fugla til tegundar í gegnum sí blaktandi fjarsjár og því fremur horft á það sem næst var. Samtals sást 21 tegund í Neskaupstað.

Á Reyðarfirði mættu 11 gestir og þar sáust 34 fuglategund í ágætu veðri. Þar mætir gjarnan ákveðinn kjarni sem er áhugasamur um fuglana á leirum Reyðarfjarðar og var engin breyting á því þetta árið.

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa

Ekkert ársþing var haldið á vegum SNS en aðalfundur samtakanna var haldinn á Hótel Reykjavík Centrum þann 15. mars. Óskar Sindri Gísla-

son, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, var formaður SNS árið 2018 og aðrir í stjórn með honum voru Nancy Bechtloff, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða og Bjarni Jónsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra.

Maður er manns gaman

Föstudagskaffi hefur verið fastur liður á starfsstöð stofunnar í Neskaupstað þar sem allir sem starfa í austurenda Búlandsins skiptast á að koma með heimabakað með kaffinu. Yfir „kaffi og með“ eru mál-efni samfélagsins svo gjarnan leyst. Reglulega er svo farið út að borða í hádeginu á föstudögum. Þegar gróður fer að spretta er einhver góðviðrisdagurinn nýttur til að sinna garðhreinsun og svo er auðvitað

grillað til að fagna sumrinu. Á starfsstöð Náttúrustofunnar á Vonarlandi á Egilsstöðum er mánaðarlega svokallað Torfukaffi en þá sjá nokkrir starfsmenn frá ólíkum stofnunum um kaffið í sameiningu. Þessi samvera á báðum stöðum þykir ómissandi og skapar góðan anda.

Starfsmenn í Neskaupstað eru félagar í starfsmannafélaginu Búlandinu með fleiri smærri vinnustöðum og starfsmönnum Verkmenntaskóla Austurlands. Búlandið gerir sér reglulega dagamun með vor- og haustfagnaði, jólahlaðborðum o.fl.

*Horft norður yfir Reyðarfjörð í hreindýraflugi 24. nóvember 2018
Ljósmynd: SGP*

Stiklur úr starfseminni

Rannsóknir vegna ýmissa framkvæmda

Rannsóknir á gróðri, fuglum og vatnalífi í Þverárdal í Vopnafirði og á fuglum og gróðri við Hverfisfljót fóru fram á liðnu sumri. Þessar rannsóknir eru liður í mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra virkjana á þessum svæðum.

Þá var svæði umhverfis Sandfell í Fáskrúðsfirði skoðað vegna fyrirhugaðrar skógræktar, lífríki Sléttuár í Reyðarfirði rannsakað vegna fyrirhugaðrar efnistöku og kríuvarp í Fáskrúðsfirði var tekið út vegna efnistöku.

Vöktun á fiskeldissvæðum í Reyðarfirði

Vöktun fór fram á eldissvæðum Laxa fiskeldis í Reyðarfirði. Markmið vöktunarinnar var að fylgjast með áhrifum laxeldis á sjávarbotn og lífríki þess til að tryggja góðar aðstæður fyrir eldisfisk, koma í veg fyrir neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið og stuðla þannig að langtíma sjálfbærri notkun fiskeldissvæðanna. Farið var í tvær vettvangsferðir árið 2018, annars vegar til að afla grunnupplýsinga á ástandi botns á nýjum eldissvæðum áður en eldisfiskur var settur út og hins vegar voru tekin

sýni við hámark lífmassa á öðru eldissvæði sem hefur verið í notkun frá 2017.

Kræklingasöfnun í Mjóafirði

Kræklingi var safnað fyrir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum á þremur stöðum í Mjóafirði: Í botni fjarðarinnar, undir bryggjunni í Brekkuporpi og á Dalatanga. Verkið er hluti af mengunavöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR), auk AMAP (Arctic Monitoring Assessment Program). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni eru mæld í þeim. Auk þess var kannað hvort örplast myndist í kræklingnum. Niðurstöður hafa ekki verið birtar.

Friðlýst svæði

Um árabil hefur Náttúrustofan veitt ráðgjöf og unnið fræðsluefni um friðlýst svæði í Fjarðabyggð. Undanfarin tvö sumur hefur sú gleðilega breyting orðið að landvörður hefur verði ráðinn við eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum og náttúruvættum í Fjarðabyggð. Samfara hefur dregið mjög úr þörf á ráðgjöf

Þótt Íslensku jólasveinarnir hafi í gegnum tíðina almennt ekki notað hreindýr sér til aðstoðar á jólnum eins og starfsbróðir þeirra í Norður Ameríku, herma heimildir að móðir þeirra Grýla hafi notað þau til reiðar og til burðar á fyrri öldum, áður en sauðfjárveikivarnir og lög gegn handsömun viltra dýra gengu í gegn.



Heiðagæs í Húsárdal.
Ljósmynd: SGP

Náttúrustofunnar, en hún vinnur þó áfram að gerð fræðsluefnis eftir þörfum.

Náttúrustofa Austurlands á vefnum

Á vefsíðu Náttúrustofunnar (na.is) er haldið utan um gagnlegar og fróðlegar upplýsingar tengdar starfi stofunnar, m.a. birtast þar flestar skýrslur sem stofan vinnur og þar eru sagðar fréttir. Undanfarið hefur Facebook-síðan að einhverju leyti tekið yfir fréttahlutverk vefsíðunnar, en þar birtast stuttar og óformlegar fréttir og upplýsingar úr starfinu. Báðar eru mikilvægar til kynningar á starfseminni.


Í baklandi Votlendissjóðsins

Votlendissjóðurinn var stofnaður 6. apríl 2018 og kynntur við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 30. apríl. Náttúrustofa Austurlands hefur frá upphafi verið bakhjarl verkefnisins, en verndari sjóðsins er Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Markmið sjóðsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis í samstarfi við hagsmunaaðila. Í sumar tók fuglasérfræðingur Náttúrustofunnar út fuglalíf í Norðfirði í tengslum við fyrirhugaða endurheimt votlendis þar.



Börn, forráðamenn og leiðbeinendur Náttúrufræðiskólans á Eskifirði í júní 2018. Myndin er tekin fyrir neðan Helgustaðarnámu við glæsilega og endurbætta aðstöðu þar.
Ljósmynd: LB

Vatnalíf rannsakað í Þverá í Vopnafirði.
Ljósmynd: KÁ




Vetrarbeit hreindýra rannsökuð.
Ljósmynd: KÁ


Fjármál

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2018 var afkoma af rekstri Náttúrustofunnar jákvæð. Eignir í árslok voru 102 millj. kr. og bókfært eigið fé var 75 millj. kr. Líkt og fyrri ár, er meiri hluti tekna (60%) sértekjur. Hlutfallsleg skipting gjalda er einnig svipuð og fyrri ár og er launakostnaður langstærsti gjaldaliðurinn (77%). Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi hennar. Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Skipting gjalda árið 2018.



Heildartekjur Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2018.



Ritalisti



Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosadóttir, Hermann Þórðarson og Kristín Ágústsdóttir (2018). Alcoa Fjarðaál, Umhverfissvöktun 2017. Skýrsla og viðaukar unnir af Náttúrustofu Austurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir Alcoa Fjarðaál. Náttúrustofa Austurlands NA-180176.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2018). Útbreiðsla og þéttleiki seiða í vatnakerfi Sléttuár. Unnið fyrir Sigurð Baldursson á Sléttu. Náttúrustofa Austurlands NA-18078.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Elín Guðmundsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir (2018). Gróður, fuglar og vatnalíf við Þverá í Vopnafirði - rannsóknir vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar. Náttúrustofa Austurlands NA-180181.

Guðrún Óskarsdóttir (2018). Gróðurvöktun á Vesturöræfum. Samanburður á samsetningu og þekju gróðurs árin 2007 og 2017. Náttúrustofa Austurlands NA-180182.

Guðrún Óskarsdóttir og Sigurður H. Magnússon (2018). Gróður-

breytingar 2006-2017 við Lagarfljót og Jökulsá á Dal á Úthéraði, áhrif Kárahnjúkavirkjunar. Náttúrustofa Austurlands NA-180183.

Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Agnes Brá Birgisdóttir (2018). Gróður og jarðvegsrof í Hvannalindum. Náttúrustofa Austurlands NA-180184.

Kristín Ágústsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Elín Guðmundsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2018). Gróðurfar og fuglalíf við Hverfisfljót – Endurskoðun 2018 vegna 9.5 MW virkjunar. Náttúrustofa Austurlands NA-180179.

Halldór Walter Stefánsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir (2018). Ásókn fugla í ræktað land. Umhverfisstofnun.

Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2018). Ekki keyra á hreindýr! Reduce reindeer road kills! Náttúrustofa Austurlands NA-180180.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2018). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2017 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2018. Náttúrustofa Austurlands NA-180177.

Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Hrafnhildur Ævarsdóttir, David Evans, Brynjúlfur Brynjólfsson og Björn Gísli Arnarson (2018). Skúmey í Jökulsárlóni. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði.

*Á fengitíma sunnan Súlanda.
Ljósmynd: SGP*

Álftapar við dyngju sína.
Ljósmynd: SGP



Erindi

Guðrún Óskarsdóttir 2018. Gróður á hásléttu Austurlands. Með öræfin í bakgarðinum, ráðstefna um tengsl samfélags og hálendis á Austurlandi. Egilsstöðum, 24.-25. maí 2018.

Kristín Ágústsdóttir og Erlín E. Jóhannsdóttir 2018. External Environmental Monitoring Fjarðarál-Alcoa smelter Reyðarfjörður. Erindi á vinnustofu ESPIAL verkefnisins um samantekt á umhverfisráðgjöf vegna álvera á Norðurlöndum, haldið í Oslo, Noregi, 23. október 2018.

Rán Þórarinsdóttir 2018. Reindeer in Iceland- A Naturalized or Invasive Species? Skálanes Symposium 30. mars-3. apríl 2018.

Skarphéðinn G. Þórisson 2018. Hreindýr (*Rangifer tarandus*) á Íslandi. Stofnstærð og stofnstærðarmælingar. Verkmenntaskóli Austurlands, 2. febrúar 2018.

Skarphéðinn G. Þórisson 2018. Hreindýrin. Hádegisfyrirlestur fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands í Valaskjálfi, 23. mars 2018.

Skarphéðinn G. Þórisson 2018. Heiðagæsir og hreindýr á hásléttu Austurlands. Með öræfin í bakgarðinum, ráðstefna um tengsl samfélags og hálendis á Austurlandi. Egilsstöðum, 24.-25. maí 2018.

Skarphéðinn G. Þórisson 2018. Fuglar og votlendi. Opinn fundur Votlendissjóðsins á Reyðarfirði, 27. júní 2018.

Skarphéðinn G. Þórisson 2018. Niðurstöður vöktunar í Kringilsárana, hreindýr og heiðagæsir. Fyrirlestur fyrir samstarfshóp á vegum Umhverfisstofnunar um friðlandið. Skrifstofa Vatnajökulsþjóðgarðs í Fellabæ, 28. nóvember 2018.

Fýlsungi (*Fulmarus glacialis*) í Langhömrum undir Hólmatindi.
Ljósmynd: SGP



Náttúrustofa Austurlands
477-1774 · na@na.is · www.na.is

Starfsstöð í Neskaupstað
Mýrargötu 10
740 Neskaupstaður

Starfsstöð á Egilsstöðum
Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstaðir